

# Fréttapistill frá forseta Íslands

23. febrúar 2020

Þennan vikupistil samdi ég á Ísafirði, eftir stutta ferð vestur á firði um helgina. Fyrr í dag naut ég hlýlegs viðmóts og góðra veitinga á hjúkrunarheimilinu Eyri og þakka kærlega fyrir mig. Á mynd að neðan er ég með forystusveitinni þar. Einnig kom ég við á Þingeyri og Flateyri og þakka gestrisni á þessum stöðum.

Óvenju fáir viðburðir voru í minni dagskrá í nýliðinni viku. Gafst þá tóm til að sinna öðrum störfum, ljúka ýmsum verkefnum sem setið höfðu á hakanum og semja ræður og ávörp vegna ferða og mannfagnaða fram undan, innanlands sem utan. Þessa daga var einnig unnið hörðum höndum að nauðsynlegum endurbótum á Bessastöðum og má þar m.a. nefna næstu skref í að bættu aðgengi að staðnum eins og sjá má að mynd að neðan. Senn munu þeir, sem nota hjólastól, geta nýtt sér lyftu til að komast upp útidyratröppurnar og hlýtur það að teljast til bóta þótt enn sé verk að vinna.

Tveggja viðburða má þó geta í þessum stutta pistli: Á sunnudaginn var sótti ég aldarafmæli Hæstaréttar Íslands í Þjóðleikhúsinu og flutti þar opunarávarp sem lesa má hér: [https://www.forseti.is/.../2020\\_02\\_16\\_haestirettur...](https://www.forseti.is/.../2020_02_16_haestirettur...) Ég árnaði Hæstarétti að sjálfsögðu heilla og hlotnaðist sá heiður að taka við nýju greinasafni um lögfræðileg málefni sem tengjast réttinum. Guðrún Erlendsdóttir afhenti mér ritið, fundarstjóri athafnarinnar og fyrst kvenna hæstaréttardómari á Íslandi – og gamall og góður nágranni á mínum æskulóðum. Í ávarpi mínu sagði ég m.a.: „Í traustu réttarfari renna saman tveir meginstraumar, hin stillta elfur vanans og hraðari vötn sem finna sér nýja farvegi, falla jafnvel í flúðum og erfitt að greina hvað bíður eftir næstu bugðu. Vissulega getur verið vandasamt að stýra fleyi á slíkri ferð.“ Og jafnframt þetta: „Í jafnréttismálum hefur Hæstiréttur látið til sín taka, einatt verið í forystu í þeim efnum. Önnur framfaramál hefur dómstóllinn einnig stutt, stuðlað að auknum mannréttindum og bætt stöðu okkar sem viljum búa í réttarríki. Enginn er þó óskekull, það sanna dæmin. Sagan er ætíð margþætt, úr ýmsu að ráða þegar litið er fram á veg. Ósjaldan létu valdhafar eigin stjórnmalaskoðanir og hagsmunir ráða mestu þegar skipað var í Hæstarétt. Enn vantar ákvæði um sjálfstæði dómstóla í stjórnarskrá. Stilla þarf strengi eftir stofnun nýs dómstigs í landinu. Æðsta dómsvaldið er vissulega innanlands ... en lýðveldið Ísland á einnig aðild að alþjóðastofnunum og samningum, með þeim réttindum og skyldum sem í því felast.“

Á fimmtudag var önnur gleðistund. Þá fagnaði ég kokkalandslíði Íslands eftir frægðarför þess á ólympíumót í matreiðslu í Stuttgart í Þýskalandi. Líðið hlaut tvenn gullverðlaun í stökum greinum og lenti í þriðja sæti heildarkeppninnar. Í heillaóskaræðu nefndi ég að með verðlaunaðri matseld sinni hefðu hinir íslensku matreiðslumeistarar vakið verðskuldaða athygli á íslenskri matargerðarlist og íslensku hráefni, og því bæri að sjálfsögðu að fagna. Einnig flutti ég landsliðinu hamingjuóskir Elizú. Hún er verndari kokkalandslíðsins og hefur fylgst með velgengni þess undanfarin ár en var erlendis þennan dag.

Í lokin get ég þess að á föstudagskvöld sótti ég frumsýningu í Veröld í Reykjavík á fróðlegri heimildamynd um Guðríði Þorbjarnardóttur og ferðir hennar til Vesturheims fyrir þúsund árum, siglingar til Noregs og göngu til Rómar, að því er sumar heimildir greina.

Að lokum vek ég athygli á fróðlegu framtaki. Verið er að safna reynslusögum fedra af fæðingum barna sinna. Einn daginn ætla ég að miðla mínum frásögnum en bendi núna á fésbókarsíðu þeirra sem standa að söfnuninni, Grétu Maríu og Ísaks:  
<https://www.facebook.com/Faedingarsogurfedra/>

Megi ný vika færa ykkur öllum gæfu og gengi. Og til hamingju með daginn – konudaginn – kærur landsmenn!